



Til leikskólanefndar

Kópavogi, 16. janúar 2023
2212549/514.01 SB

Efni: Framkvæmdir á leikskólalóðum 2023

Vorið 2017 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs þá tillögu að forgangsröðun í endurbótum leikskólalóða sem sett var fram í skýrslu um „Skemmtilegar leikskólalóðir“ (málsnr. 2212548). Nú, tæpum sex áður síðar, hefur verið tekin saman skýrsla um endurgerð leikskólalóða 2017-2022, stöðu þeirra mála nú og nýtt endurmat.

Lagt er til við bæjarráð að 60.000.000 kr. fjárveitingu á fjárhagsáætlun 2023 „Leikskólalóðir – endurnýjun“ (gjaldaliður 32143), verði varið til endurbóta á lóðum leikskólanna Fífusala og Sólhvarfa, eftir því sem fjárveiting leyfir, enda er það í samræmi við uppfærðar tillögur í fyrrnefndri skýrslu; „Endurgerð leikskólalóða 2017-2022“, dags. 16.1. 2023. Jafnframt verði haldið áfram undirbúningi á endurbótum þeirra leikskólalóða sem næstir eru í forgangi.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
sviðsstjóri menntasviðs

Ásthildur Helgadóttir
sviðsstjóri umhverfissviðs

